

Mál nr. 547/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega hjá A

Starfsmaður segist hafa runnið og fallið aftur fyrir sig þ. 8.9.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.12.2012 ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Bréf V dags. 21.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M var starfsmaður hjá A og segist hafa runnið í bleyti þar sem hann var við vinnu sína og hafi fallið aftur fyrir sig um einn metra og skolið á bakið. M var einn við störf þegar atvikið gerðist. M leitaði til læknis 12 dögum eftir þetta atvik og krefst bóta vegna þess líkamstjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega hjá A og telur A hafa vitað af slysinu fljótlega eftir að það átti sér stað. M telur að þar sem A hafi endurgreitt honum óvinnufærnivottorð vegna vinnuslyss liggi fyrir að A hafi vitað af slysinu í síðasta lagi tveim vikum eftir að það átti sér stað. Þá vísar M til 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varðandi rannsókn Vinnueftirlits ríkisins og hafi A gerst sekur um vanrækslu á tilkynningarskyldu. V hafnar bótaskyldu og telur að meint atvik hafi ekki átt sér stað og eymslin sem M kvartar undan verði ekki rakin til þess atviks sem M krefst bóta fyrir. V bendir á að A hafi fengið vitneskju um meint slys löngu eftir að það hafi átt að eiga sér stað og eftir að M hafi sagt upp störfum. Þá vísar V til þess að fyrir liggi vottorð um atvik sem M segist hafa gerst 15.9.2011 þar sem M segist hafa dottið í kjallaratröppum og í umboði lögmanns M segi að slysið hafi átt sér stað 12.9.2011 en á því sé byggt í málinu að það hafi verið þ. 8.9.2011. V telur ósannað að það meiðslu M verði rakin til þess atviks sem M heldur fram að hafi valdið honum líkamstjóni og rekur V nokkur atriði í því sambandi m.a. að dagsetning meinst slyss sé á reiki, engine sjónarvottur hafi verið að óhappinu og ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli verkja og meints óhapps auk nokkurra annarra atriða.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt nægjanlega fram á það af hálfu M að hann hafi orðið fyrir því slysi sem hann heldur fram í máli þessu að hann hafi orðið fyrir þ. 8.9.2011 eða að líkamsáverkar hans séu vegna þess óhapps. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega A hjá V

Reykjavík 5.2.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.